Fiskeldi Austfjarða hf.
Strandgötu 18
735 Eskifjörður

# Skoðunarskýrsla

Fiskeldi #37862

| Starfsstöð | Heimilisfang | Viðstaddir |
|---|---|---|
| FE-1203<br>Fiskeldi Austfjarða hf. Röndin - Kópaskeri | Strandgötu 18<br>735 Eskifjörður | Fannar Helgi Þorvaldsson Forstöðumaður seiðaeldis |

| Tilefni | Eftirlit framkvæmt | Dagsetning skýrslu | Tímar við úttekt | Viðbótartímar | Yfirvinna |
|---|---|---|---|---|---|
| Annað | 16.8.2024 | 16.8.2024 | 15 | 0 | 0 |

| Frestur til úrbóta |
|---|
| Næsta reglubundna skoðun |

## Niðurstaða eftirlits

Matvælastofnun barst tilkynning frá Fiskeldi Austfjarða hf. þriðjudaginn 30. júlí 2024 um óhapp sem leiddi til stroks eldislax við dælingu laxaseiða úr eldisstöð fyrirtækisins á Röndinni á Kópaskeri yfir í brunnbátinn Ronja Fjord.

Við eftirgrennslan Matvælastofnunar kom í ljós að barki sem notaður er við flutning seiða frá eldisstöð út í brunnbát hafði farið í sundur á þilfari brunnbátsins Ronju Fjord. Atburðurinn uppgötvaðist kl. 13:47 á sömu stundu og óhappið varð.
Lekinn var stöðvaður strax. Ljóst er að allt að 300 sjógönguhæf laxaseiði fóru í sjóinn.

Starfsmenn fyrirtækisins brugðust við samkvæmt viðbragðsáætlun og lögðu út net. Ekkert veiddist í netin eftir 13 tíma í sjó.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til matvælaráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnsýslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 590/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

| Starfsstöð | Starfsemi |
|---|---|
| Fiskeldi Austfjarða hf. Röndin - Kópaskeri<br>Strandgötu 18<br>735 Eskifjörður<br>Staða: Í gildi<br>Kennitala: 5204120930 | Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð - 1 |

## Tengiliðir

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fannar Helgi Þorvaldsson | 8962141 | fannar.helgi@kaldvik.is | Framkvæmdarstjóri |

**Eftirfarandi skoðunaratriði voru skoðuð og reyndust í lagi**

| |
|---|
| 2.1.1 Rekstrarleyfi |

Karl Steinar Óskarsson
karl.oskarsson@mast.is
Deildarstjóri fiskeldis
530-4800

**Lagagrunnur eftirlits**

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.
Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem
nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.